



Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps

12. árgangur 1.tbl.

Janúar 2015



Þorrablót Gnúpverja 2015

Þorrablót Gnúpverja verður haldið í Árnesi föstudaginn 23. janúar. Húsið opnað kl: 20:00 og dagskráin hefst kl:20:45 - Miðaverð: 6.500,- Eftirfarandi taka við miðapöntunum:

Guðbjörg s: **868-5813**

Guðrún s: **486-6037/869-7825**

Kristófer s: **861-7150**



Pantanir þurfa að berast fyrir þriðjudagskvöldið **20. janúar**. Afhending miða fer fram í Árnesi fimmtudaginn **22. janúar** milli **kl: 18.00 og 20:00**.

Hægt er að greiða miðana með því að leggja inn á reikningsnúmer: **0325-13-110089** Kt: 250754-5749. - Munið að senda kvittun á netfangið **thorrablot2015@yahoo.com**

Ath. Þetta er pokaball þar sem ekki er bar í húsinu. Gos verður ekki selt á staðnum.

Hljómsveitin Blek og byttur leikur fyrir dansi.

Nefndin.



Opnunartími og sími skrifstofu sveitarfélagsins í Árnosi er:
mánud.—fimmtud. 09-12 og 13-15 föstudaga kl. 09:00 -12:00
486-6100 Fax: 486-6120. - skeidgnup@skeidgnup.is

Sími í áhaldahúsi 486-6118 - Starfsmenn þar:
Ari Einarsson 893-4426 Jóhannes Eggertsson 864-6904
ari@skeidgnup.is - joi@skeidgnup.is

Skilafrestur efnis í næsta fréttabréf er 5.feb.2015.

Ritstjóri: Kristjana H. Gestsdóttir frettabref@skeidgnup.is

Ábyrgðarmaður: Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri.

**Lestrarfélag Skeiða– og Gnúpverjahrepps
Bókahúsinu, Brautarholti.**



Opið öll fimmtudagskvöld kl.20:00—22:00

Kíkið í jólabækurnar!!

S: 486-5505 - www.bokasafn.is

Netfang: bokasafn@skeidgnup.is

<http://www.allirlesa.is>

<http://www.leitir.is>

Alltaf hægt að skila um lúguna!



Heilsugæslan Laugarási sími 480-5300

Opið virka daga kl. 8:30 -16:30.

Símatímar lækna virka daga kl. 9-9: 30 og 13 –13: 30

Vaktsími 480-5112 Neyðarsími 112

Apótekið opið mánud. -föstud. 09:00 - 17:00

Hundafangari sveitarfélagsins:

Ragnar Sigurjónsson í síma 859-9559.



Skákæfingar og spjall á mánudagskvöldum í Þjórsárskóla!



Á mánudagskvöldum kl. 20:30, í Þjórsárskóla langar UMF Gnúpverja að gefa sveitungum tækifæri á að hittast, spjalla saman og æfa sig í að tefla skák! Við byrjum 19. janúar n.k. og eru **allir** 15 ára og eldri hjartanlega velkomnir. Töfl og klukkur á staðnum!
Stjórn Umf. Gnúpverja



Annríki
Þjóðbúningar og skart

Síðingir 71 - 222 Haldarinnar - Sími 893623 - 893642
Vefbúnaður - annar@ellajona.net - Vefbúnaður annar@ellajona.net

Námskeið í þjóðbúningasaumi

Haldið verður námskeið í þjóðbúningasaumi í uppsveitum Árnassýslu á vorönn. Námskeiðið verður fimm laugardaga frá janúar til apríl og verður það í Flúðaskóla.

Kennt er laugardaga frá kl. 11-17, dagana **14. febrúar, 28. febrúar, 21. mars, 11. apríl** og síðasti tíminn er **18. apríl**.

Á námskeiðinu er hægt að sauma 19. eða 20. aldar uppplut eða peysuföt, einnig er hægt að lagfæra búninga og sauma sér

svuntu eða blússu. Námskeiðsgjald er kr. 135.000 og má reikna með u.þ.b. kr. 100.000 til 120.000 í efniskaup í nýjan búning, en það fer eftir því hvað er saumað. Allt efni er hægt að kaupa á staðnum.

Kennari á námskeiðinu verður Hildur Rosenkjær í Annríki en hún hefur mikla reynslu af þjóðbúningasaumi og rekur Annríki þjóðbúningar og skart ásamt manni sínum en það er þjóðbúningaverkstæði.

Þjóðbúningakynning verður haldin laugardaginn 10. janúar í Félagsheimili Hrunamanna. Þá eru allir velkomnir til að skoða þjóðbúninga og fá fræðslu um þá. Einnig verður þá veitt ráðgjöf og máltaka fer fram fyrir þá sem ætla að koma á námskeiðið. Upplýsingar og pantanir berist til Elínar Jónu í netfang:

ellajona@ellajona.net eða í sími: 8936423

Opnunartími gámasvæða í vetur!

Árnes: þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 10:00 - 12:00

Brautarholt: miðvikud. kl. 14:00 - 16:00
laugardaga kl. 13:00 - 15:00

**Dýragámurinn verður fluttur af gámasvæðinu í
Árnesi á það nýja v/Suðurbraut þann**

20. janúar 2015. Þar verður opið allan sólarhringinn!

Fatagámar **Rauða krossins** eru tveir og eru staðsettir á
gámasvæðinu í Brautarholti og hjá Áhaldahúsinu við Árnes.

Jón F. Sigurdsson í Réttarholti hefur umsjón með
gámasvæðunum gsm. **893-7016** eða **462-5301**.

Skaftholt tekur við garðaúrgangi og afklippum trjáa!

*Hægt er að koma frá sér garðaúrgangi og afklippum trjáa á á-
kveðnu svæði í Skaftholti hér í sveit alla daga vikunnar.*

(Til vinstri á heimreið framan vert við gróðurhús.)

***Munið að ætlast er til þess að einungis séu efni úr
jurtaríkinu sem losuð eru á þessu svæði.***

Nudd -Nudd—Nudd!

**Verð að nudda í Skeiðalaug næstu
mánudaga. Nánari upplýsingar í síma
486-6081 eða 865-0329.**

Kveðja. Kristín.



Baðstofukvöld Vörðukórsins 2015

Hið geysivinsæla baðstofukvöld verður haldið á

Flúðum 6. feb. næstkomandi.

Í boði verða fjölbreytt skemmtiatriði við allra hæfi.

Í hléi verða bornar fram kræsingar að hætti

Vörðukórsins.

Miðaverð 2000 kr.

Hlökkum til að sjá ykkur,

Fjáröflunarnefndin



Nafnasamkeppni vegna hátíðar í sveit 19. –21. júní

Við minnum á nafnasamkeppnina fyrir hátíðina. Óvæntur glaðningur verður veittur fyrir vinningstillöguna. Tillögur verða að berast fyrir 30. janúar n.k. og sendist þær á:

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Menningar- og æskulýðsnefnd, nafnasamkeppni

Árnesi

801 Selfoss

Einnig má senda tölvupóst til formanns á netfangið


hiljan@gmail.com.

Ásamt óskum um nafn á hátíðina langar okkur að biðla

til ykkar um búvélar fyrir búvélasýningu sem við

myndum vilja sjá þessa helgi. Hægt er að senda á ofangreint pósthfang og beina póstinum til Menningar- og æskulýðsnefndar eða senda á ofangreint netfang.

Menningar- og æskulýðsnefndin.



VIOLA snyrtistofa! Högnastíg 1 Flúðum

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra

ALESSANDRO naglalökk og gloss

Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun

Fótsnyrting — Handsnyrting –

Vaxmeðferðir - Litun og plokkun.

**Tímাপantanir í
síma: 856-1599**



Fróðleiksmolinn!

Brúnahaugur

Landnáma segir (V. 10.) að Olafur tvennumbrúni liggi »í Brúnahaugi undir Vörðufelli«. Sú sögn hefir gengið, að Brúnahaugur sje sama sem »Einbúi«, er stendur í fögnum hvammi, sem Nátthagi heitir, uppi undir háfjallinu fyrir norðan túnið í Framnesi. »Einbúinn« er raunar ekki annað en stór klettur, einstakur og nokkuð einkennilegur í lögun, aflangur og söðulbakaður, sem menn kalla. Mest-allur er hann hulinn þunnuni jarðvegi. Ekki þótti mér hann líklegur til þess, að fornmenn hefðu valið hann fyrir greftrunarstað, þó náttúrlegir hólar hafi stundum verið notaðir til þess. Dálítill upphækkun var á suðurenda hans og sá þar á steina, er hreifa mátti. Ljet jeg því grafa þar i, ef þetta kynni að vera dys. En það sýndi sig brátt, að upphækkunin var föst klöpp, þegar búið var að taka búið hina lausu steina.— Líklega er hinn rjetti Brúnahaugur fyrir neðan fjallsrætur, þar sem nú er mýri, og getur hann verið þar í einhverjum smá rímanum, eða þá niðursokkinn og horfinn.

Heimild : Árbók hins Íslenska fornritafélags
9. ágúst 1894.



Leikfimi á vegum Kvenfélags Skeiðahrepps

byrjar aftur mánudaginn 5. janúar í Brautarholti

Ragnheiður Katrín frá Lifandi Húsi kennir á


mánudögum og miðvikudögum kl. 18.

Verð fyrir sex vikur er kr. 16.000

Allar konur velkomnar

Skráning er hjá

Jóhönnu Vilhjálmsdóttur í síma 864-6101



Frá Hrunaprestakalli

Helgihaldið vetur, vor og sumar 2015



- 18. jan.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *kvöldmessa* með léttari tónlist í Hrunakirkju kl. 20:30.
-
- 15. feb.:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *messa* í Ólafsvallakirkju kl. 14.
-
- 1. mars:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Hrunakirkju kl. 11.
- 15. mars:** *Guðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 14.
-
- 3. apríl – föstudagurinn langi:** *Passíusálmalestur* í Hrepphólakirkju frá kl. 13.
- 5. apríl – páskadagur:** *Hátíðarmessa* í Hrunakirkju kl. 8, *hátíðarmessa* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *hátíðarmessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 6. apríl – annar í páskum:** *Hátíðarmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 11. Ferming.
- 23. apríl – sumardagurinn fyrsti:** *Fjölskylduguðsþjónusta* í Ólafsvallakirkju kl. 11.
- 3. maí:** *Guðsþjónusta* í Hrepphólakirkju kl. 11 og *guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 14.
- 24. maí – hvítasunnudagur:** *Ferming* í Hrunakirkju kl. 13:30.
- 25. maí – annar í hvítasunnu:** *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11
-
- 7. júní:** *1865-messa* í Hrunakirkju kl. 14 í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. *Kvöldmessa* í Ólafsvallakirkju kl. 20:30
- 17. júní:** *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögunum tveimur.
- 21. júní:** *Guðsþjónusta* í Steinsholtskirkjugarði kl. 11. *Kvöldmessa* í Hrepphólakirkju kl. 20:30
-
- 16. ágúst:** *Hestamannamessa* í Stóra-Núpskirkju kl. 14
- 23. ágúst:** *Síðsumarmessa* í Tungufellskirkju kl. 14
- 5. sept.- laugardagur:** *Uppskerumessa* í Hrunakirkju kl. 11 – fjölskylduhátíð.



**GEYMIÐ DAGSKRÁNA –
SJÁUMST Í KIRKJUNNI!**

S. 856-1572 og netfang:
oskar@hruni.is

Húsaleigubætur



Við viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta skv. 10. gr. laga um húsaleigubætur og skv 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur. (Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga)
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna sbr. 1. mgr. 9.gr. fyrir þrjá síðustu mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, að stæðum og atvikum kunna að kalla á.

Hægt er að lesa lögin í heild inn á heimasíðu Velferðaráðuneytisins <http://www.velferdarraduneyti.is/>


Við viljum því benda þeim einstaklingum á sem fá greiddar húsaleigubætur að þeir þurfa að endurnýja umsóknina sína fyrir

31. janúar 2015.

Sveitarstjóri.

Gleðilegt nýtt ár kæru sveitungar!

Nemendur 9. bekkjar við Flúðaskóla stefna á Danmerkurferð að ári. Við munum líkt og undanfarin ár standa að fjáröflun til að standa straum af kostnaði við ferðina okkar. Einn liður hennar er flösku/dósasöfnun.



Við komum til með að banka upp á hjá ykkar öðru hverju í vetur og vita hvort að þið gætuð stutt okkur með því að sjá af nokkrum tónum dósum eða flöskum til okkar. ☺ Hlökkum til að hitta ykkur.
Kveðjur frá nemendum í 9. bekk Flúðaskóla.

Frá félagi eldri borgara í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Starfsemin á árinu sem er að líða, hefur verið með svipuðu sniði og undanfarin ár. Við höfum haft samverufundi í Bókasafnshúsinu annan hvern föstudag yfir vetrarmánuðina. Á þessum fundum er ýmislegt gert sér til skemmtunar, svo sem upplestur, spilað á spil og sungið nokkur lög og fleira, og þá fáum við stundum til okkar gesti með fræðslu og eða skemmtiefni.

Þorablót héldum við á Hestakránni. Við fórum í tvær eins dags skemmtiferðir í sumar og eina leikhúsferð fórum við á árinu. Nú í desember bauð Hótel Örk í Hveragerði eldri borgurum uppá jólahlaðborð með gistingu og morgunverði á hagstæðu verði. Tólf manns á okkar vegum nýtti sér þetta tilboð.

Stjórn sveitarfélagsins hefur styrkt okkur fjárhagslega og látið okkur í té húsnæðið í Brautarholti endurgjaldslaust.

Félag okkar er í landssambandi eldri borgara en 52 félög um land allt, með um 21.000 félagsmenn mynda landssambandið. Hlutverk landssambandsins er að vinna að hagsmunamálum aldraðra og koma fram fyrir hönd aðildarfélaganna gagnvart stjórnvöldum og öðrum sem sinna málum aldraðra fyrir landið í heild. Öflugur samtakamáttur eldri borgara er sterkasta vopnið í baráttu fyrir bættum kjörum þeirra. Þess vegna er mikilvægt að félög eldri borgara um land allt séu fjölmenn og öflug.

Í félaginu okkar eru 48 skráðir félagar, ég vil minna á að allir sem eru orðnir 60 ára og eldri eru velkomnir í félagið, það væri gott að fá nýja meðlimi til að styrkja og efla félagsstarfið.

Skeiðháholti, í desember 2014.

Vilmundur Jónsson

Meðf. mynd er tekin í ferð eldri borgara

29. júní 2011 við Gaujulund í Vestmannaeyjum.



14. febrúar – Gaman saman dagurinn!

Hugmynd kom frá foreldrafélagi Þjósárskóla um að halda dag þar sem að allir gætu notið þess að vera saman. Menningar- og æskulýðsnefnd var síðan falið að koma hugmyndinni í framkvæmd og nú dregur til tíðinda.



Laugardaginn 14. febrúar kl. 13-18:15 ætlum

við að bjóða upp á margs konar fróðleik og afþreyingu fyrir alla fjölskylduna í **Árnesi og Þjósárskóla**.

Jóhann Ingi íþróttasálfræðingur og fyrrv. þjálfari íslenska landsliðsins í handbolta kemur til okkar með fyrirlestur um jákvætt hugarfar, Halldóra Hjörleifsd. kynnir unglingastarfið í björgunarsveitinni, mörg félög innan sveitarinnar kynna starfsemi sína og síðan verða málstofur og stöðvar þar sem allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við verðum með málstofu um bústörf, skák og netöryggi. Einnig verður boðið upp á kaffi yfir miðjan daginn og með því. Í lok dagsins verður síðan fjölskyldubíó.

Dagskrá verður auglýst nánar í næsta fréttabréfi en endilega **takið daginn** frá svo að við getum öll haft það **Gaman saman!**
Menningar- og æskulýðsnefndin.

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Fréttir úr Þjórsárskóla

Fyrsti skóladagurinn á nýju ári var mánudagurinn 5.

janúar. Þá var búið að mála og gera skólann finan í jóla-

fríinu og við vorum svo heppin að fá nýjan dreng í skólann til okkar í 4. bekk.

Þjóðum við fjölskyldu hans velkomna í sveitina og hann hjartanlega velkominn til okkar í skólann.

Desember í skólanum

Jólastöðvar

Á aðventunni fórum við í Jóla-hringekju þar sem við blönduðum öllum nemendum saman í fjóra hópa sem síðan fóru á milli kennara og bjuggu til eitthvað skapandi og fallegt. Verkefnin voru fjölbreytt, skornar voru út myndir til þess að skreyta glugga, búin voru til hreindýr úr eggja-bökkum, stjörnur – pappírsbrot og síðan skreyttu nemendur piparkökur.



Jólaferð í skóginn

Þriðjudaginn 9. desember fórum við í jólaferðina okkar inn í skóg. Þegar við komum inn að skýlinu okkar, fundum við þar sofandi jólasvein sem hraut ansi hátt. Hann var hinn glaðasti með að hitta okkur og við sungum með honum og dönsuðum í kringum jólatré. Þá fórum við í leiki og þrautir og fengum okkur síðan heitt kakó og lummur sem búnar voru til á eldstæðinu í skóginum.

Við enduðum á því að safna efniviði sem við ætlum að nota í skólanum og sumir fóru með foreldrum sínum að velja jólatré.



Kirkjuheimsókn

Fimmtudaginn 11. desember fór 5. 6. og 7. bekkur ásamt umsjónarkennurum sínum í árlega heimsókn í Stóru Núpskirkju. Sr. Óskar H. Óskarsson sóknarpresturinn okkar tók á móti okkur. Hann fræddi börnin um kirkjuna og almenn störf presta. Einnig svaraði hann spurningum barnanna sem voru ófáar. Tónlistarkennarinn okkar hún Helga Kolbeins var líka með í för og í lokin sungum við saman Bjart er yfir Betlehem. Þetta var góð og falleg stund og börnin voru öll til fyrirmyndar.



Ólafsvellir og Blesastaðir

Fimmtudaginn 11. desember fóru 1. til 4. bekkur á Ólafsvelli og Blesastaði. Sr. Óskar fylgdi okkur og sagði börnunum frá því hvaða nöfn hlutirnir bæru inni í kirkjunni, t.a.m. kirkjuskip, altari og kór. Því næst söng hann með börnunum nokkra söngva sem vakti mikla lukku hjá þeim, sér í lagi þær mörgu útgáfur af „Tikki tikki takk“ og „Djúp og breið“. Því næst lá leið okkar á Blesastaði þar sem börnin léku helgileikinn fyrir heimilisfólk og sungu með þeim jóla-söngva. Börnin voru hæstánægð með ferðina og öllum leið svo vel á Blesastöðum að nokkur börn sögðust vilja eiga heima þar.



Þjórskóli fær ART vottun

Miðvikudaginn 17. desember fengum við góða gesti úr ART teymi Suðurlands til okkar í heimsókn. Kolbrún, Sigríður og Bjarni veittu skólanum ART vottun. Nú eru allir umsjónarkennarar búnir að fara á réttindanámskeið, ART tímar eru fastir á stundatöflum nemenda, starfsfólk skólans hefur fengið kynningu, og ART er sýnilegt í námskrá og skipulagi skólastarfsins.

Hafdís kennari sagði frá þróun okkar í ART kennslu síðan 2008. Þá sagði nemandi í 5. bekk frá reynslu sinni af ART og hvernig hann hefur notað þær aðferðir til þess að hjálpa sér og bæta sig í samskiptum.

Sigrún, heimilisfræðikennari sá um veitingar og allir nemendur skólans höfðu lagt sitt af mörkum í undirbúningi. Þá hafði t.d. hver árgangur bakað eina smákökusort og því var boðið upp á 7 tegundir af jólasnákökum og heitt kakó.

Við erum mjög stolt af skólanum okkar.

Með bestu kveðju.
Bolette og Kristín.



Til leigu! - íbúð í Brautarholti.

Klettur leigufélag ehf hefur yfirtekið stóran hluta þeirra húseigna sem hafa verið í eigu Íbúðalánasjóðs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Upplýsingar um lausar húseignir félagsins má nálgast á slóðinni <http://leigufelag.is/ibudir/> netfang: leiga@leigufelag.is eða í síma 578-6000.

Ein íbúð er nú laus í Brautarholti þann 12. janúar 2015. Holtabraut 14 (áður Brautarholt 11) 136,2 m² - Leiguverð er 119 þúsund.

Þrjú svefnherbergi eru í íbúðinni og bílskúr fylgir. Allar aðrar upplýsingar eru inn á slóðinni: <http://leigufelag.is/ibudir/> eða í s. 578-6000.

09. fundur í sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps í Árnosi miðvikudag inn 07. Janúar 2015 kl. 14:00.

Mætt til fundar: Björgvin Skafti Bjarnason, Einar Bjarnason, Halla Sigríður Bjarnadóttir, Meike Witt og Gunnar Örn Marteinsson. Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri ritaði fundargerð. Spurðist oddviti fyrir um hvort athugasemdir væru við fundarboðið. Svo reyndist ekki vera.

Dagskrá:

- 1. Kynning á undirbúningi virkjanaframkvæmda við Búrfell 2 og kynning á Vindlundum.** Margrét Arnardóttir, Albert Guðmundsson Bjarni Pálsson, Björk Guðmundsdóttir og Ingvar Hafsteinsson öll starfsmenn Landsvirkjunar mættu til fundar undir þessum lið. Bjarni Pálsson tók til máls og greindi frá virkjanakostum sem á döfinni eru hjá Landsvirkjun. Albert Guðmundsson sagði frá áformum um Búrfell 2-lokaáfangu Búrfellsvirkjunar. Um er að ræða 100MW stækkun. Björk Guðmundsdóttir sagði frá skipulagsferli. Ekki hafa borist athugasemdir við skipulagstillögum. Gísli Gíslason hefur unnið að skipulagsverkefnum vegna virkjunarinnar. Framundan er að vinna deiliskipulag vegna svæðisins. Í framhaldi verður sótt um framkvæmda- og byggingaleyfi til sveitarstjórnar. Verkhönnun er á lokastigi. Um er að ræða tvo valkosti, annars vegar stöðvarhús ofanjarðar og hins vegar neðanjarðar. Bjarnarlón verður nýtt til stækkunar, aðrennslisgöng verða um 370 metrar. Orkugeta ca 300 GW/a og fallhæð um 119 metrar. Heildarrennslí verður allt að 92 rúmmetrum á sekúndu. Fljótlega verður ráðgjafabjónusta vegna verksins boðin út. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið ár árinu 2018. Áætluð mannaflapörf á framkvæmdatíma er um 150 manns. Með stækkun virkjunarinnar mun rekstraröryggi aukast til muna.

Margrét Arnardóttir sagði frá uppbyggingu vindlunda- vindmyllugarðs á Þjorsár- Tungnaárvæði. Margrét sagði Ísland mjög góðan kost til virkjunar vindorku vegna sterks og stöðugs vindar. Kostnaður hefur farið lækkandi við byggingu vindmylla og tækni aukist. Mikill kostur er að uppsetning er auðveld og framkvæmdir að mestu afturkræfar. Á undanförunum misserum hafa verið gerðar rannsóknir á kostum vindorku til virkjunar, Nýtnihlutfall hefur reynst 42 % en almennt í heiminum er það lægra eða 28 %. Samlegðaráhrif eru talsverð með virkjun vatnsafls. Auk Tungnaárvæðis hefur verið litið til svæðis við Blöndu með virkjun vindorku í huga. Fyrirhuguð stærð vindlunda á Tungnaárvæðinu er allt að 200 megawött.

- 2. Meðhöndlun kjötmjöls í Þjorsárdal.** Hreinn Óskarsson frá Suðurlands skógum og Jóhannes Sigurðsson ásamt Ingvari Hafsteinssyni frá

Landsvirkjun mættu til fundar undir þessum lið. Fyrir fundinum lá svar frá Hreini Óskarssyni við bréfi sem sveitarstjórn sendi til hans eftir sveitarstjórnarfund 3 desember sl. með ósk um upplýsingar um leyfi þau sem liggi að baki kjötmjölsdreifingu í Þjórsárdal. Í bréfinu vísaði Hreinn til leyfis frá Héraðsdýralækni Suðurlands, f.h. Matvælastofnunar, til dreifingar kjötmjöls í Þjórsárdal, dags. 19. maí 2009. Í því bréfi kemur meðal annars fram að Matvælastofnun geri ekki athugasemdir við dreifingu kjötmjöls á svæði Skógræktarinnar í Þjórsárdal, enda sé þess vel gætt að búfé komist ekki að svæðinu fyrstu þrjár vikurnar eftir dreifingu. “Bæði Hreinn og Jóhannes bentu á að síðastliðið vor hafi svo óheppilega farið að nokkur tími hafi liðið frá því að kjötmjölið var flutt á svæðið þar til því var dreift, það heyri til undantekninga. Hreinn lagði áherslu á að framvegis verði þess gætt að kjötmjölinu verði dreift um leið og það verður flutt á svæðið og stefnt sé ennfremur á að gera það framvegis í apríl meðan frost er í jörðu. Ingvar Hafsteinsson benti á mikilvægi þess að dreifa kjötmjölinu sem fyrst eftir að því er komið á staðinn. Oddviti kvaðst fagna þeim áformum, í sama streng tóku aðrir sveitarstjórnarmenn.

3. Skógrækt í Þjórsárdal og við Bjarnarlón. Hreinn Óskarsson og Jóhannes H Sigurðsson frá Skógrækt ríkisins, Brynjólfur Jónsson frá Skógræktarfélagi Íslands auk Hákonar Aðalsteinssonar og Ingvars Hafsteinssonar frá Landsvirkjun mættu til fundar undir þessum lið. Hákon tók til máls og vitnaði til bókunar sveitarstjórnar á fundi nr.8 um skógrækt við Bjarnarlón.

Lagði áherslu á að Landsvirkjun leiti áframhaldandi samstarfs um skógrækt í Þjórsárdal og við Bjarnarlón. Brynjólfur sagði frá Landsgræðsluskógaverkefni sem hófst árið 1990. Meginmarkmið þess sé að vinna á illa förnu landi og græða upp holt og mela. Sambland af landsgræðslu og skógrækt. Brynjólfur kvað vera áhuga hjá Skógræktarfélagi Íslands á að halda áfram verkefninu.

Framkvæmdin um skógrækt við Bjarnarlón hefur verið í höndum Landsvirkjunar. Hreinn tók til máls og sagði frá miklum árangri í skógrækt á Þjórsárdalssvæðinu á síðustu 25 árum. Telur hann líklegt að hlýindi hjálpi til. Hann telur svæðið við Bjarnarlón hentugt til skógræktar. Ingvar Hafsteinsson sagði einnig frá miklum árangri í skógrækt á svæðinu, Jóhannes tók í sama streng. Oddviti sagði að meta þurfi hvort eigi að rækta skóg á ákveðnum svæðum. Halla Bjarnadóttir benti á að vinna þyrfti heildrænt mat um skógrænt á svæðinu. Gunnar benti á að þegar unnið var rammaskipulag í Þjórsárdal hafi verið horft til skógræktar. Meta þurfi á hvaða svæðum skógrækt á að vera og hvar ekki.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að marka stefnu um hvar eigi að rækta skóg í Þjórsárdal í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, Skógrækt ríkisins, Landsvirkjun og Þjóðlendunefnd.

- 4. Fundargerð 81. fundar Skipulagsnefndar.** Mál nr 1 og nr 15 þarfnast afgreiðslu. Mál nr. 4 til kynningar.
- Mál nr. 1. Stöðuleyfi við Þjorsárdalslaug við Reykholt. Óskað eftir endurnýjun stöðuleyfis fyrir aðstöðuhús. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu Skipulagsnefndar og samþykkir ekki endurnýjun stöðuleyfis að svo stöddu. Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að fyrst verði mörkuð stefna um uppbyggingu svæðisins með gerð deiliskipulags og verði það lagt til grundvallar veitingu byggingaleyfis á svæðinu.
- Mál nr 15. Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar. Langjökull. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar.
- 5. Viðhorfsskönnun um málefni aldraðra.** Niðurstöður. Sveitarstjóri greindi frá viðhorfsskönnun um málefni aldraðra í héraðinu sem fór fram í desember 2014. Könnunin var send til allra íbúa sveitarfélagsins sem fæddir eru árið 1964 og fyrr. Spurt var um áhuga á því að byggt yrði dvalaheimili fyrir aldraða í sýslunni og hvar æskilegt væri að staðsetja það. Fjöldi í úrtaki voru 193, svörun var 40,4 %. Auk þess var spurt um áhuga fyrir dagþjónustu og þrepaþjónustu við aldraða.
- Helstu niðurstöður voru á þann veg að 67 % svarenda voru hlynntir því að byggt yrði dvalarheimili í uppsveitum Árnessýslu. Aðrir voru hlynntir því að dvalarheimili yrði byggt á Selfossi utan einn sem taldi staðsetningu ekki skipta máli. Allir nema tveir vildu að dagþjónusta yrði til staðar. Allir að þremur undanskildum vildu sjá þrepaþjónustu. Sveitarstjóra falið að kynna niðurstöður könnunarinnar fyrir sveitarstjórnnum nágrannasveita og vinna að nánari framvindu málsins.
- 6. Gjaldskrá mótuneytis.** Beiðni starfsmanna um rökstuðning. Fyrir sveitarstjórnarfund var lagt erindi frá fimm starfsmönnum sveitarfélagsins á skrifstofu, í áhaldahúsi og sundlaugum, þar sem því er haldið fram að verið sé að mismuna ofangreindum starfsmönnum sveitarfélagsins með því að láta þá greiða mun herra verð fyrir mat frá mótuneyti en starfsmönnum grunnskóla. Hefur svo verið frá 1 janúar 2013. Því stuðnings benda starfsmennirnir á ákvæði í kjarasamningum Samflots og annarra stéttarféлага. Starfsmennirnir óska eftir rökstuðningi við þessari verðlagningu og óska þeir eftir leiðréttingu frá 1 janúar 2013. Rökstuðningur :Tekin var ákvörðun samkvæmt bestu vitund um hækkun matarverðs til starfsmanna sveitarfélagsins í öðrum deildum en grunnskóla og leikskóla 1 janúar 2013. Auk þess var ekki talið heimilt á þeim tíma að hækka matarverð til starfsmanna grunnskóla umfram verð til nemenda. Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu. Með vísun í kjarasamninga samþykkir sveitarstjórn að frá og með 1. Ágúst 2015 greiði starfsmenn sveitarfélagsins hráefnisverð vegna máltíða að fullu sem þeir neyta í

sk.mötuneyti sveitarfélagsins frá og með 1. janúar 2015 greiði starfsmenn 302 kr. eða um 70% hráefnisverðs. Frá 1. maí greiði starfsmenn 85% efnisverðs. Leiðrétt verði miðað við kjarasamninga frá 1. janúar 2013. Tillaga samþykkt samhljóða.

7. **Þjósárdalur verkefni.** Oddviti lagði fram svohljóðandi tillögu. Atvinnumálanefnd verði falið ásamt oddvita og sveitarstjóra að fara yfir gögn sem safnað hefur verið saman verkefni í Þjósárdal og undirbúa kynningu um verkefni og frekari áform um verkefni sem lögð verður fyrir sveitarstjórn í febrúar. Tillaga samþykkt samhljóða.
8. **Tómstundastyrkur 2015.** Tillaga var lögð fram af sveitarstjórn um styrk til ung menna til æskulýðs og tómstundastarfs. Lögð var fram eftirfarandi tillaga. Sveitarstjórn Skeiða – og Gnúpverjahrepps samþykkir að allir grunn-skólanemendur og framhaldsskólanemendur með lögheimili í sveitarfélaginu frá 6 ára til og með 18 ára geti sótt um styrk sem nemur allt að 55.000.- kr. á árinu 2015 til að stunda íþrótt, æskulýðs eða menningarstarf gegn framvísun frumrits reiknings. Tillaga samþykkt samhljóða.
9. **Tillaga að Landsskipulagsstefnu.** Beiðni um umsögn. Lögð var fram tillaga að Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Tillaga lögð fram og kynnt.
10. **Seyrusvæði.** Drög að samningi við Hrunamenn um landspildu undir seyrubúnað. Drög að samningi samþykkt samhljóða.
11. **Samningur um aðild að Tæknisviði Uppsveita.** Þarfnast staðfestingar. Lagður fram undirritaður samningur um aðild Skeiða- og Gnúpverjahrepps að Tæknisviði uppsveita. Samningur staðfestur.
12. **Samningur við Markaðsstofu Suðurlands.** Samningur staðfestur.
13. **Samningar um skólaakstur.** Þarfnast staðfestingar. Um er að ræða framlengingu samninga milli sveitarfélagsins og skólabílstjóra óbreytta til loka yfir standandi skólaárs. Samningar staðfestir.
14. **Samningur um Kortasjá.** Þarfnast staðfestingar. Lagður var fram samningur milli sveitarfélagsins og Loftmynda ehf um samrekstur opinnar vefkortasjár. Samningurinn nær einnig til eftirtalinna sveitarfélaga. Ásahrepps, Grímsnes- og Grafningshrepps, Bláskógabyggðar, Flóahrepps og Hrunannahrepps. Samningur staðfestur.

Beiðnir um stuðning.

15. **Landssamband slökkviliðsmanna.** Beiðni um stuðning. Lögð var fram beiðni frá Landssambandi slökkviliðs- sjúkraflutningamanna um stuðning við eld varnarátak 2014, undirrituð af Guðrúnu Hilmarsdóttur. Átakið fór fram dagana 21-28 nóvember 2014. Samþykkt að styrkja verkefnið um 50.000 kr.

- 16. Samband Sunnlenskra kvenna.** Beiðni um styrk. Fram var lagt erindi frá Sambandi Sunnlenskra kvenna undirritað af Elinborgu Sigurðardóttur formanni SSK um allt að 100.000 kr styrk til sambandsins vegna Landsþings Kvenfélagasambands Íslands sem haldið verður á Selfossi 9-11 október 2015. Beiðni um styrk hafnað.
- 17. Stígamót. Beiðni um styrk.** Styrkbeiðni lögð fram undirrituð af Guðrúnu Jónsdóttur. Samþykkt að styrkja Stígamót um 50.000 kr.
18. Erindi frá UMFÍ vegna unglingalandsmóts. Með bréfi frá UMFÍ undirrituðu af Sæmundi Runólfssyni er auglýst eftir samstarfsaðilum til að halda Unglingalandsmót árið 2017. Sveitarstjórn samþykkir að sækjast ekki eftir að koma að landsmótshaldi.
- Fundargerðir*
- 19. Fundargerð 8. fundar NOS.** Fram kemur í fundargerð að lagt er til að ráðinn veðri sálfræðingur í hlutastarf hjá Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþing. Fundargerð staðfest.
20. Fundargerð Menningar og æskulýðsnefndar. Í fundargerð kemur fram að áformað er að halda viðburð þann 14. febrúar næstkomandi er nefnist „Gaman saman“. Bréf frá formanni nefndarinnar barst þar sem óskað er eftir stuðningi við viðburðinn. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að leggja kr 300.000 til viðburðarins „Gaman saman.“ Sveitarstjórn fagnar áformum um áðurnefndan viðburð.
- 21. Sveitarstjóri óskaði eftir að leiðrétting færi fram á áður samþykkttri gjaldskrá leikskóla.** Þar sem fyrir mistök var samhliða ákvörðun um gjaldskrá sveitarfélagsins á 8. fundi sveitarstjórnar breytt leikskólagjöldum í það sem þau voru fyrir ákvörðun á 6. fundi 8.10.2014 sveitarstjórnar sem kvað á um að elsti árgangur leikskóla yrði gjaldfrjáls og vistunargjöld barna í yngri árgöngum myndu lækka um 25 %. Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrá um leikskólagjöld frá 6. fundi taki gildi á ný og gildi þar til dagvistargjöld verði felld niður að öllu leyti frá og með 1. ágúst 2015.

Mál til kynningar:

- A. Þingskjal 483.Tekjustofnar sveitarfélaga.
- B. Fundargerð 483 fundar stjórnar SASS.
- C. Drög að samþykktum Skóla- og Velferðarþjónustu BS.
- D. 40. Fundur SNS og KÍ/FG.
- E. 22. Fundur Skólastjórafélags Íslands.
- F. Stefnumörkun SÍS 2014-2018.
- G. Mentor, Upplýsingakerfi.
- H. Fundargerð HES 161, fundur.

- I. Hugmynd að tillögu um br Deilisk. í Árneshverfi
- J. Tölvukerfi um rotþrær
- K. Jöfnunarsjóður, aftektir framlaga.
- L. Fundargerð 823 fundar stjórnar SÍS
- M. Fundargeð Almannaþingarnefndar Árnessýslu frá 19.12 2014.
- N. Skýrsla HÍ á ofbeldi gegn konum.

Fundi slitið kl 17:50.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 4. febrúar n.k. kl 14:00.

Bændur athugið!

Dýragámurinn verður fluttur af gámasvæðinu í Árnesi á nýja gámasvæðið (v Suðurbraut) þann 20. janúar 2015.

Og þá verður opið allan sólarhringinn!
Umsjónarmaður gámasvæða s. 893-7016



Aðalfundur Smára 2015

verður haldinn mánudagskvöldið 26. janúar kl. 20:30 á Hestakránni.

Dagskrá fundarins:

1. Framlagðir endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðast liðið ár til úrskurðar.
 2. Stjórnin leggur fram skriflega yfirlitsskýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári.
 3. Kosning stjórnar og varastjórnar.
 4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 5. Önnur mál
- Tillögur að lagabreytingum má sjá á heimasíðu félagsins www.smari.is

Hlökkum til að sjá sem flesta. Stjórnin.

Á bak við eldavélina!

Nú er það hún Matthildur María Guðmundsdóttir sem gefur okkur girnilegar uppskriftir. Gefum henni orðið. Ég vil byrja á að þakka honum Gylfa kærlega fyrir áskorunina.



Ég fæ aukið sjálfstraust í eldamennskunni við þetta en ég (og ábyggilega fleiri sem þekkja mig) bjóst alls ekki við að ég yrði með uppskrift í fréttabréfinu. Ég hef yfirleitt verið þekkt fyrir að geta brennt allt. Einu sinni var ég sett í að sjóða kartöflur, 20 mín seinna voru þær vel steiktar og allt vatn gufað upp úr pottinum. Þegar ég gerði mér eggjaköku var oft stutt í að það þyrfti að fá slökkvilið til þess að reykraesta húsið. Hins vegar eftir að ég flutti í Sandlækjarkot hefur ekkert brunnið (7-9-13). En ég ætla að koma með uppskrift að mjög fljótlegum og einföldum núðlurétti.

Núðluréttur

Steiki grænmeti á pönnu, samanstendur aðallega af lauk og gulrótum en einnig nota ég allt annað grænmeti sem er til í ísskápnum nema sveppi. Svo set ég kjúkling (eða annað kjöt) á pönnuna og steiki með þar til kjötið lokast. Þá er gott að setja 2-3 skvettur af soya sósu, dass af sweet chilli sósu (ekki of mikið því hún er sterk) og ef það er til ostrusósa þá má setja smá af henni saman við. Þetta mallar svo allt saman. Ég set svo taílenskar núðlur (frá Thai Choice) í sjóðandi vatn og sýð í u.þ.b. 2 mín (mjög stutt) og svo fara þær á pönnuna með öllu hinu og sósum bætt við eftir þörf.



Langar svo að setja inn uppskrift að bananabrauði sem ég geri reglulega. Ég hef tengdapabba grunaðan um að „gleyma“ reglulega 2 bönnunum úti í traktor í nokkra daga og koma svo með þá vel brúna inn í hús og leggja þá fallega á vaskborðið svo ég taki nú eftir þeim.

Bananabrauð

2 bollar hveiti

1 bolli sykur

1,5 dl mjólk

1 tsk lyftiduft

1 tsk matarsódi

2 bananar – stappaðir



Allt er hrært saman, mót smurt og hveiti stráð í botninn. Bakað í miðjum ofni í u.þ.b. 45 mín við 180°C.

Mig langar að skora á hann Hermann Þór Karlsson Efri-Brúnavöllum 1 til þess að koma með uppskrift handa okkur í næsta Fréttabréf.



Kær kveðja. Matthildur María.

Vantar þig gjöf—eða gjafir?

Alltaf eitthvað nýtt — jafn vetur sem sumar!

Handunnir skartgripir, lyklakippur og vasapelar úr minkaskinni og roði.

Hafið samband í síma 4866047 eða 8986047. Katrín í Ásaskóla.



Fylgist með á
[**www.upplit.is**](http://www.upplit.is)

Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu



Leikholti

Fréttir frá Leikholti

Það er alltaf líf og fjör hjá okkur í Leikholti og við erum viss um að árið 2015 hefur upp á margt skemmtilegt og gott að bjóða. Eins og á flestum bæjum þá var margt gert í aðdraganda jóla. Við höfðum jóla-sveinahúfudag, börnin bökuðu piparkökur, æfðu og sungu jólalög, gerðu jóla-gjafir fyrir foreldra, skreyttu jólatréð og skelltu sér á jólaball.

Hér er verið að baka piparkökur sem boðið var upp á á jólaballinu.



Það þarf að undirbúa jólaballið og skreyta jólatréð !



Jólasveinninn hann Gluggagæir sem mætti á jólaballið var skemmtilegur og Magnea spilaði undir sönginn hjá okkur.

Gluggagæir og Magnea fá okkar bestu þakkir.





Aðstoðarmenn slökkviliðsins fóru um leikskólann og gættu að öryggi.

Einingakubbar nýtt náms- og leikefni í Leikholti

Það er ánægjulegt að segja frá því að leikskólinn hefur eignast einingakubba sem eru gott og vandað leik- og námsefni. Við erum þess fullviss að margir árgangar barna eiga eftir að njóta þeirra.

Kubbarnir eru efniviður sem endist vel og bíður upp á fjölbreytta möguleika sem hægt er að tengja við allt starf sem fram fer í leikskólanum.

Við erum að byrja á því að innleiða kubbana í skólastarfið og stefnum á að tengja þá við gönguferðir og verkefnið „Skóli á grænni grein“ sem við erum að vinna að hér í Leikholti.

Einingakubbar eru hannaðir af Caroline Pratt sem var barnakennari í New York fylki í kringum aldamótin 1900. Kubbarnir eru úr hlyn og ganga stærðfræðilega hver upp í annan.

Hugmyndafræðina á bak við einingakubbana sótti Pratt í smiðju framfarasinnans John Deweys. Leikur með einingakubbana hefur áhrif á flesta þroskapætti hjá börnum m. a. málþroska, líkamsþroska, félags- og tilfinningaþroska og í þeim eru einnig fólgnir miklir námsmöguleikar svo sem í samfélagsfræði, stærðfræði, vísindum og listum.

Einingakubbar eru afar aðlaðandi efniviður fyrir hendur, huga og ímyndunarafl barna og í vinnu og leik með þá eru þau stærðfræðingar, vísindamenn, sögumenn, arkitektar og hönnuðir eigin leiksviðs.

Bestu kveðjur frá okkur öllum í Leikholti ☺
Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri.

Sárabót –fyrir alla– í nýjum umbúðum!

Nú er sárabót komin í nýjar umbúðir. Ný lína fyrir menn og önnur fyrir skepnur. Einnig komin á markað leðurfeiti úr minkafitu, góð fyrir hnakka og skó. Höfum þessa góðu vöru til sölu. Katrín og Stefán, Ásaskóla. S: 4866047-8986047-8658776.





Menn og málefni!



Mæðgurnar í Laxárdal 2a útskrifuðust úr námi í desember s.l. Það eru þær Rakel Ósk Sigurðardóttir er útskrifaðist sem stúdent af málabraut við Fjölbrautarskóla Suðurlands þann 19. des. og móðir hennar Petrína Þórunn Jónsdóttir, er útskrifaðist sem skólaliði frá Borgarholtsskóla þann 20. desember. Við óskum þeim innilega til hamingju með áfangann.

Ljósleiðarinn!

Sigvaldi K. Jónsson s. 863-4111 og Jón Hákonarson hafa umsjón með nýtengingum og línubókhaldi Fjarskiptafélags Skeiða-og Gnúpverjahrepps. Hafið samband við þá. skj@internet.is - Sigvaldi og nonniasum@gmail.com - Jón

Velferðarþjónusta Árnesþings í Laugarási S. 480-1180 Fax: 480-1181

www.laugaras.is Félagsmálastjóri: **María Kristjánsdóttir.**

Félagsráðgjafi með aðsetur í Laugarási Sigurjón Árnason. S 480-1180

Hann sinnir félagslegri ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og barnavernd.



ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM

Smiðjustíg 6a, Sími: 486-1866

OPNUNARTÍMI

OPIÐ 10 -17 virka daga ☺ 11- 13 laugardaga.

Gleðilegt nýár!

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip**Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00****Brottför frá Reykjavík alla virka daga:**kl 12:00 frá Landflutningum og kl 13:00 frá Flytjanda**Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00**

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.

sími: 486-1070 fax 486-6693 netfang: fludaleid@simnet.is**Símar hjá bílstjórum: 892-2370 - Pálmar****892-2371** -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.**892-2372** - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur*Með kveðju.**Starfsfólk Flúðaleiðar*

Opnunartími í vetur er frá 11—21
alla daga vikunnar. Krafturinn úr
náttúrunni hjálpar þér að ná jafnvægi!

LAUGARVATN
fontana
Heilsulind frá landnámi

Afréttakort, af afréttum Gnúpverja, Flóa, Skeiða og Hrunamanna
eykur öryggi og er ódýrt, aðeins **kr 500,-**
Þjórsárdalsmyndin er einnig til eftir Ara Trausta og Valdimar Leifs-
son. Kr. 1.500,- Til sölu á skrifstofunni í Árnesi

Minningarkort Stóra-Núpskirkju fást hjá Margréti
Steinþórsdóttur í Háholti, sími 486-6017.
Minningarkort Ólafsvallakirkju fást hjá Guðjóni
Vigfússyni á Húsatóftum sími 896-5736.





Smárafréttir

JANÚAR 2015



AÐALFUNDUR Smára verður á Hestakránni 26. janúar kl 20.30

Dagskrá fundarins :

1. Framlagðir endurskoðaðir reikningar félagsins til úrskurðar
2. Stjórnin leggur fram skriflega yfirlitsskýrslu um starfsemi félagsins á liðnu ári
3. Kosning stjórnar og varastjórnar
4. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
5. Önnur mál

Tillögur að lagabreytingum má sá á heimasíðu félagsins smari.is
Hlökkum til að sjá sem flesta, Stjórnin

HELSTU VIÐBURÐIR 2015



26. JANÚAR

AÐALFUNDUR

14 FEBRÚAR

1. VETRARMÓT

20 FEBRÚAR

UPPSVEITADEILD FJÓRGANGUR

7 MARS

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

14 MARS

2. VETRARMÓT

20 MARS

UPPSVEITDAEILD FIMMGANGUR

1 APRÍL

SAMEIGINLEGT TÖLTMÓT

11 APRÍL

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR

17 APRÍL

UPPSVEITADEILD TÖLT/SKEIÐ

25 APRÍL

3. VETRARMÓT

1 MAÍ

FIRMAKEPPNI

11 MAÍ

UPPSVEITDEILD ÆSKUNNAR

REIÐNÁMSKEIÐ FYRIR FULLORÐNA VETURINN 2015

Í vetur ætlum við halda reiðnámskeið fyrir fullorðna í samstarfi við

Pórarinn Ragnarsson, A-flokks sigurvegara Landsmóts 2014.

Námskeiðið verður einstaklingsmiðað, 2 saman í hóp í 5 skipti. Kennt verður aðra hverja viku og stefnt er á þessa daga: 2 febrúar, 16 febrúar,

2 mars, 16 mars og 30 mars. **Takmarkaður fjöldi** plássna er í boði því

gildir lögmálið **fyrstur kemur fyrstur fær**. Skráning á

smari@smari.is fyrir 26 janúar. Smárafélagar ganga fyrir. Verð á mann er **25.000** .-

Gleðilegt nýtt ár

Um leið og við þökkum ánægjuleg viðskipti á liðnu ári þá viljum við minna á að Landstólpi hefur uppá að bjóða fjölbreytt úrval af: stein- og bætiefnum, kúafóðri, kálfafoðri, hestafóðri, vatnsdöllum og vatnskörum, milligerðum, átgrindum, steinbitum, girðingarefni, hreinlætisvörum fyrir fjós og heimili, rúlluplasti, stæðuplasti, sáðvöru, o.fl

Vonumst til að eiga ánægjuleg samskipti á árinu 2015

Saltsteinn Natur



10 kg.

Hreint salt sem uppfyllir saltþörf alls búfjár
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Saltsteinn Plus



10 kg.

Saltsteinn með viðbættu magnesíum, mangan, zink, kóbalt og seleni
Fyrir: Nautgripi, sauðfé og hross.

Steinefnablokk- Uniblock



10 kg.

Steinefna- og bætiefna blokk með háu Selen innihaldi sem hentar fyrir nautgripi, hross og sauðfé.

Vítamínblokk Vitablock



10 kg.

Vítamínblokk sem inniheldur flest þau vítamín og sneiðefni sem búfe þarf til að fóðrast vel.
Hentar ekki sauðfé.

Steinefnafata Universal-Schale



15 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir sauðfé en einnig fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Mineraleimer



25 kg.

Steinefna- og bætiefna fata með háu Selen innihaldi sem hentar sérlega vel fyrir nautgripi og hross.

Steinefnafata Phosphoreimer



20 kg.

Steinefna- og bætiefna fata sem hentar sérlega vel fyrir kýr í geldstöðu. Hátt innihald á magnesíum og D3 vítamíni eykur kalkupptöku við burð. Inniheldur kopar og hentar því ekki sauðfé.

Heyrúlluskeri plast- og netskrælari



Cashels heyrrúlluskerinn sker rúlluna um leið og hann gripur plastið og netið utanaf rúllunni. Skerinn er mjög sterkbyggður en þannig hannaður að hann er léttari en aðrir sambærilegir skerar.

Skerinn er með öflugum tjakka sem eiga auðvelt með að skera í gegnum frostnar rúllur.

Sterkur - Öflugur- Léttur

SUEVIA vatnsdallar og vatnstrog



LANDSTÓLPÍ



Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Vetraropnun sundlauga í Skeiða –og Gnúpverjahreppi



Vetraropnun

Gott er að fá sér sundsprett með hækkandi sól!

Neslaug

S: 486-6117

priðjudaga

18 — 22

Laugardaga

12 — 18

Skeiðalaug

S: 486 5500

Mánudaga

18 —22

Fimmtudaga

18 —22

**Frítt í sund fyrir 18 ára og yngri sem eiga lögheimili í
sveitarfélaginu. Frítt 67 ára og eldri.**

Frítt fyrir öryrkja gegn framvísun skírteinis.

**Vörur tengdar sundi seldar í
afgreiðslum lauganna.**

Drykkjarsjálfsali í Skeiðalaug.

**Hætt er að selja ofan í laugarnar
hálf tíma fyrir lokun.**

**Það er aðeins 10 mínútna akstur
á milli lauganna.**



**Umsjónarmaður
Eypór Brynjólfsson**

Neslaug og Skeiðalaug eru á

facebook

Fylgist með þar ☺